

5. Ákvæði til bráðabirgða.

- 5.1 Ákvörðun og áætlanir um lofthreinsibúnað samkv. 2. gr. 10. tl. og fjárhagsáætlun vegna þeirra framkvæmda skulu liggja fyrir 1. janúar 1988.
- 5.2 Lofthreinsibúnað samkvæmt 2. gr. 10. tl. skal setja innan þriggja ára frá útgáfu þessa starfsleyfis.
- 5.3 Byggingu fitugildru á frárennsli samkvæmt 2. gr. 14. tl. skal lokið 1. janúar 1988.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 18. ágúst 1987.

Guðmundur Bjarnason.

Páll Sigurðsson.

26. ágúst 1987

Nr. 397

AUGLÝSING

**um afnám reglugerðar nr. 287 29. apríl 1983,
um tollverð notaðra bifreiða.**

1. gr.

Reglugerð nr. 287 29. apríl 1983, um tollverð notaðra bifreiða er hér með úr gildi felld.

2. gr.

Auglýsing þessi er sett samkvæmt 150. gr. tollalaga nr. 55 30. mars 1987 til að öðlast gildi 1. september 1987.

Fjármálaráðuneytið, 26. ágúst 1987.

Jón Baldvin Hannibalsson.

Guðrún Ásta Sigurðardóttir.

26. ágúst 1987

Nr. 398

AUGLÝSING

**um afnám auglýsingar nr. 3 13. janúar 1971, um notkun heimildar í
32. tl. 3. gr. tollskrárlaga um lækkun flutningsgjalda með
flugvélum í tollverði vöru.**

Ráðuneytið hefur ákveðið að fella úr gildi auglýsingu nr. 3, 13. janúar 1971, um notkun heimildar í 32. tl. 3. gr. tollskrárlaga um lækkun flutningsgjalda með flugvélum í tollverði vara.

Ákvörðun þessi tekur gildi 1. september 1987.

Fjármálaráðuneytið, 26. ágúst 1987.

Jón Baldvin Hannibalsson.

Guðrún Ásta Sigurðardóttir.